# Bréf og skjöl fátækramála 1905-1908

Aðfnr. 1017, örk 14

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

fundur 9/4. 1908.

St. Josephs Hospital 6. april 1908

Hjer með vil jeg allvar virðingarfylst mælast til þess af hinni háttvirtu fátækranefnd, að jeg sje látinn fara af spítalanum, sem allra fyrst.

Jeg hef Gittst um 12 ℔ síðastliðið sumar og í vetur, og hef þó altaf verið hitalaus og haft stöðugt fótavist, svo það verður ekki sjeð að veikin sje á hærra stigi en hún hefur verið og því sje um að kenna að jeg hef Gittst.

Jeg var í sveit í sumar, síðastliðið, í 14 daga og hafði nýmjólk eins og jeg vildi, enda þyngdist jeg um full 2 ℔ á þessum stutta tíma. Annan hafði jeg mjög lítinn. Jeg get vel fitnað enn þá, þó jeg sje nú orðinn mjög horaður. Jeg þarf að hafa fleiri tegundir af mat en jeg hef hjer, og nýja spenvolga mjólk kvölds og morgna, ekki minna en 2 p.t. á dag, hún eykur blóðið; það vita allir.

Hjer á spítalanum er altaf sami matur kvölds og morgna, árið út, en um miðjan daginn er breytt til, og mjólk er sama sem engin, og skal jeg nú lýsa fæðinu eins og það er og hefir verið síðan jeg kom á spítalann, sem er nú 2½ ár.

Kl. 6 á morgnana er komið með mjólkur bland (blandað með vatni) og smurt sigtibrauð með. Kl. 10 kemur morgunmaturinn, og er það hnausþykkur hafragrautur, illa soðinn og illa hrærður, 2 hálfpelaglös af mjólk, smurt brauð með pylsu og osti og bolli af mjólkurblandi.

Kl. 1½ kemur miðdagsmaturinn, það er kjöt eða fiskur og grautar eru með, vatnsgrautar, ýmist úr sago- eða rísgrjónum. Kl. 3 er komið með hálfpelaglas af mjólk. Kl. 6½ er komið með kvöldmatinn, smurt brauð með

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

osti og pylsu. Kl. 8 kemur hálfpelaglas af mjólk, það er öll kvöldmjólkin sem jeg fæ og er altaf ísköld og þunn. Egg hefi jeg fengið á sumrin, 1 og 2 á viku, en þau sjást varla á vetrin. Hangikjöt hefi jeg fengið á stórhátíðinni, til miðdags, og vandgraut með. Nýtt nautakjöt get jeg varla sagt að jeg hafi fengið síðan jeg kom hjer. Lax eða silungur sjest hjer ekki og svo er um margt fleira, sem jeg hafði heima.

Nú er alt upptalið, og meira fæst ekki fyrir 1 Kr. hafa systurnar sagt oftar en einusinni.

Nú er jeg búinn að missa alla matarlyst, á brauðinu og hafragrautnum og íshúskjötinu, og er engin furða þó svo sje, það eru fleiri en jeg sem hafa mist hana á jafn löngum tíma.

En þýð munu nú má ske svara þessari umkvörtun minni á þá leið að þetta komi ykkur ekkert við, það sje læknisins, en jeg vil spyrja, hver er hann, og hvað heitir hann? Steingr. Matthíasson læknir gerði alt hvað hann gat til þess að jeg fengi meiri mjólk, en varð ekkert ágengt, jeg bað hann að fá handa mjer spenvolga nýmjólk ½ pott kvölds og morgna, en það fjekst ekki, og síðan hefur enginn skift sjer af mjólkinni nje fæðinu, hvorki Guðm. Björnsson eða Guðm. Hannesson það jeg til veit, og hafa þeir þó báðir spurt mig að hvort jeg væri að fitta og hefi jeg sagt að svo væri! Nú vita þeir báðir að mjólkin og annað fæði, sje það nógu gott; er eina meðalið, sem getur hjálpað með þessa veiki, og annað ekki, og að það sje mjög tilbreytt svo maður fái ekki leiða á matnum, en þeir láta sjer litlu skifta um svona menn eins og mig. En það er ykkar verk að sjá um það, sem borgið allan kostnaðinn, að jeg sje læknaður, eða er ekki svo? En það lítur ekki út fyrir að svo sje, eða hvaða lækning er það að koma með á morgnana Kl. 8 1 glas af vatni í staðinn fyrir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

pott af nýmjólk eða vatnsgrauta í staðinn fyrir nýmjólkurgrauta, en þá hafði jeg heima, eða hálfpelaglas á kvöldin kl. 8 af ískölda mjólkurgutli í staðinn fyrir pott af spenvolgri nýmjólk, og þetta er tæringarveikur sjúklingur, sem verið er að lækna og það á spítala. Eða að láta mann eins og mig vera með dauðveikum mönnum, sem eru að berast upp, svo að jeg geti ekki notið svefns nje matar. Er þetta nokkur nærgætni eða lækning? Eða að jeg skuli hafa mikið verra fæði hjer á spítalanum en jeg hafði heima áður en jeg veiktist, og þó eru borgaðar með mjer og heimili mínu 75 kr. um mánuðinn, en jeg hafði í kaup 50 kr. um mánuðinn á meðan jeg gat unnið. Er þetta nokkur sparnaður? Ekki er það lækning það get jeg borið um, jeg hef reynsluna fyrir mjer í því.

Jeg enda svo þessar línur með þeirri ósk og von að þeim verði gaumur gefinn.

Virðingarfyllst.

Árni Jóhannesson

Til

fátækranefndarinnar í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík
Vesturgötu 24 þ. 16. marz 1908

fundr 9/4. 1908.

Hjer með leyfi jeg mjer að snúa mjer til hinnar háttvirtu Fátækranefndar Reykjavíkur með eptirfylgjandi erindi:

Svo er mál með vexti að Sigurlína nokkur Vigfúsdóttir, sem hefir þegið fátækrastyrk hjer í bæ, hefir haft á leigu húsnæði í Vesturgötu 40, í húsi sem Kristján Ólafsson á Selfossi er eigandi að, en sem hann hefir fyrir sína hönd gefið mjer umboð til að leigja út og innheimta húsaleigu af íbúunum. Nú hefir nefnd Sigurlína Vigfúsdóttir ekki getað greitt mjer húsaleiguna, sem er Kr. 6.50 um mánuðinn frá því 1. Október í haust og er því húsaleiguskuld hennar orðin nú (fyrir 5 mánuði) Kr. 32.50. Vildi jeg því leyfa mjer að mælast til þess, að hinni háttvirtu fátækranefnd mætti þóknast að greiða mjer þessa upphæð, sem óborguð er af húsaleigunni og jafnframt gera ráðstafanir til þess að mjer verði greidd húsaleigan mánaðarlega framvegis, svo framarlega sem Sigurlína þessi Vigfúsdóttir á að hafa áðurnefnt húsnæði áfram. — Svar upp á þetta vildi jeg mælast til að fá sem fyrst.

Virðingarfyllst
Jónas Jónasson

Til
Fátækranefndar Reykjavíkur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Framl. 23/1-08.   31/1.08 svarað
hreppsnefnd Kjalarneshr.
Stad.

Hjer með leifi jeg mjer allrar virðingarfylzt, að tilkinna hinni heiðruðu fátækra stjórn í Reykjavík: Að Katrín Arndýs Einarsdóttir, sem var gypt Ásmundi Sigurðssyni til heimilis á Grund í Eyrarsveit, innan Snæfelsnes sýslu, fluttist hingað til Reykjavíkur á næstliðnu hausti, algjörlega eignalaus, og að mestu klæðlaus með yngsta barn þeirra þá 3ja ára sem hún hafði ofanaf fyrir því og sjer, fyrir vestra á næstliðnu sumri, án minsta styrks frá föðurnum. Hjer við bætist: að hún fæddi þitt barn 20 des f. á. sem hlotið hefur nafnið: Ásmundur. Það er því með öllu ofvaxið [illegible] að rísa undir [illegible] fjölsk-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ildu, sjerstaklega er meining mín: að yngra barninu sje hið bráðasta komið fyrir á fóstur og virðist það hlutverk ætti að hvíla á Kjalnesingum því faðir barnanna er borinn og uppalinn á Vallá á Kjalarnesi, og annarstaðar ekki áunnið sjer dvalarhrepp.

Þess skal þjenustusamlega getið til leiðbeiningar: að Ásmundar fjekk lagalegan skilnað við konuna með því skilirði: að leggja börnunum framfærslu eirir, og að konan hefði alt búið af gangs skuldum. Skjöl áhrærandi skilnaðinn liggja hjá Stjórnarráðinu.

Það sem jeg veit um þetta mál er jeg fús til að gefa upplýsingar ef þurfa þikir.

Mætti hinni heiðruðu stjórn þóknast svo vel gjöra, og beina kvörtun minni á þá leið er hún sægi heilla vænlegasta.

Holtastöðum 21 Janúar. 1908.

Þórður H. Þórðarson

Til
Fátækrastjórnarinnar í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fundur 27/2. 1908.

Heiðraða: fátækranefnd
í R.vík

Jeg undirritaður legg mér hér með, að fara þess á leit við hina heiðruðu fátækranefnd Reykjavíkur. að hún veiti mér styrk með veiku barni mínu (dreng 9. ára) sem orsaka vegna ekki gat verið á sjúkrahúsinu. og sem ég með ráði læknis tók heim og varð að leigja handa honum herbergi sem kostar mig 6 krónur um mánuðinn. Veiki hans (sje um bata að ræða) krefst þess að hann hafi góðan og nægan mat og get ég því ekki hugsað mér að fara fram á minna en 60–70. aura á dag með honum frá þeim degi sem ég tók hann af sjúkra–

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

– húsinu (sem var 20 þ. m.)
því sjálfur er ég ekki megnugur
að veita honum þessa hjálpar-
laust

16 Vesturgötu 16 Reykjavík 26 Febrúar 1908
Með bestu kveðju og virðingu
Jón Jónasson
frá Skipholti

Til Fátækranefndarinnar
í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

11. okt. 1908

167

Hjer með tilkynnist fátækranefndinni, að bæjarstjórnin hefur á fundi 1. þ.m. kosið Árna Jónsson, bókhaldara i Völundi, sem fátækrastjóra i staðinn fyrir Gisla kaupmann Jónsson, sem fluttur er burt úr bænum.-

Páll Einarsson

Til fátækranefndar Reykjavikur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

11. okt. 1908

168

Með heiðruðu brjefi dags. 9.þ.m. hef jeg meðtekið frá yður, herra háyfirdómari, sem formanni Elliðaárnefndarinnar til greiðslu i bæjarsjóðinn 68 kr., sem eru gjöld fyrir veiðileyfi i Elliðaánum, er seld hafa verið i septembermánuði.-

Fyrir þessum 68 kr. kvittast hjer með.-

Páll Einarsson

Herra háyfirdómari Kristján Jónsson , Reykjavik.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

11. okt. 1908

170

Með heiðruðu brjefi dags. 9.þ.m. hef jeg meðtekið frá fátækranefndinni 20 kr.,sem er endurgjald á sveitarstyrk þeim,er Pjetri Illugasyni frá Grjóta var veittur 4. og 18. júli þ.á..-

Fyrir þessum 20 kr. kvittast hjer með.-

Páll Einarsson

Til fátækranefndar Reykjavikur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

11. okt. 1908

173

Með heiðruðu brjefi dags. 9.þ.m. hef jeg meðtekið frá fátækranefndinni 175 kr. til greiðslu í bæjarsjóðinn og til endurgjalds þessum upphæðum :

| | |
|---|---|
| 1, Barnsmeðlagi frá Helgu Magnúsdóttur með dóttur hennar | kr. 15,00 |
| 2, Legukostnaði Sigurrósar Jósiasdóttur, Barónsstíg 18, | " 49,00 |
| 3, Legukostnaði Jóseps Sæmundssonar, Vesturgötu Nr. 35 | " 24,00 |
| 4, Legukostnaði Júlíusar Þorsteinssonar, Bergstaðastræti 21, | " 47,00 |
| 5, Upp í legukostnað Bjarndísar Bjarnadóttur, Skólavörðustíg 33 | " 40,00 |

Fyrir þessum upphæðum kvittast hjer með.-

Páll Einarsson

Til Fátækranefndar Reykjavikur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fundur 14/5. 08.
Afr. send 23/7. 08 N. 8.

Hjer með vil eg virðingarfyllst bera vandræði min fram fyrir hina Heydrudu Fátækranefnd og eri i því innifalin að Una dóttir min hefur verið og er enn hjá mjer til mikilla þyngsla hun er með barn sem er nú 7 mánaða sjálf hefur hún nú samfleytt 8 mánuði verið verklaus og alslaus svo eg hef orðið að miðla henni og barninu af því sem eg hef haft fyrir hendi sem þó er svo knapt að bæði eg og barnið sem hjá mjer er Angantír (auk fleyri sem hjá mjer eru) að við höfum orðið seigi eg að líða fyrir það að hún með kornbarn liggur á því sem eg get eignast til að lifa af —
út af þessu svona löguðu er eg knúð til að biðja Hina Heydrudu nefnd svo vel gjöra og skjerast i að útvega henni stað og barninu og beinlínis bæta hana frá mjer

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

med barnid. Eg hef opt skipad henni ad útvega sjer stad og barninu, En í stadin fyrir ad ansa þvi, hefur hún opt tafid mig med þvi ad skilja barnid Eptir heyma, gánga útá götu og rölta um hana fram og aptur þettad kann ad þykja hart farid ad barni sinu En þad hefur þad þvi ad ödrum kosti geti þettad Ekki geingid neydist eg til ad fara fram á sveitarstyrk med henni og barninu sem eg vildi syst af öllu þurfa ad gjöra, Eins og þad er getur þad Ekki leyngur verid

Virdingarfyllst

i húsi Amunda Kaupmans Hverfisgötu 14/5 1908

Oddný Einarsdóttir

Til Fátækranefndar Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fundur 13/8. '08.

fundur aptur 27/8. '08.

Hérmeð leyfi ég mér virðingarfyllst, að fara þess á leit við hina háttvirtu fátækranefnd Reykjavíkur, að henni mætti þóknast að hlutast til um, að gjört verði við bæ þann, sem ég hefi á leigu til íbúðar og er eign fátækrasjóðsins. – Í fyrra haust fór ég hins sama á leit, en þá þótti ekki tiltök að gjöra neitt við bæinn, vegna þess hve áliðið væri vetrar; ég vænti þó að hin háttvirta fátækranefnd verði nú við þessari beiðni minni, og láti sem fyrst gjöra við bæinn, svo hann verði lífvænlegur til íbúðar; að öðrum kosti neyðist ég til að flytja úr honum, þó að mér á hinn bóginn falli betur að vera kyr, ef hann fær þær umbætur, sem bráðnauðsynlegar eru.

Virðingarfyllst

Þormóðsseli í Rvík 11. ágúst 1908

Jóhann Þorbjörnsson

Til
Fátækranefndar Reykjavíkur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fundi 8/10. 08.
Frestað.

Jeg undirritaður leifi mjer virðingarfyllst að spirja hina háttvirtu fátækranefnd hvort hún vill tryggja mjer húsaleigu fyrir Jón Steingrímsson sem er leigandi í húsi mínu. Leigann er kr 5 á mánuði. Jeg get ekki búist við að hin háttvirta nefnd taki að sjer þessa ~~trygt~~ tryggingu nema frá 1 þessa mánaðar.

Framnesveg 1 Reykjavík
dags 8 October 1908

Gunnlaugur Pjetursson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fundur 8/10. '08.

Vegna þess að jeg og kona mín, sem bæði erum á
á sjötugsaldri, og höfum átt heima hjer í Reykjavík
nú á 5. ár, erum svo fátæk, hrum og heilsulin, að við
erum í vandræðum með að geta borgað húsaleigu
fyrir okkur, leyfi jeg mjer hjer með auðmjúklegast
að biðja hina háttvirtu fátækrastjórn Reykjavíkur
að veita mjer 6 króna mánaðlegan húsaleigustyrk
af fátækrasjóði bæjarins frá byrjun yfirstandandi
októbermánaðar og framvegis, meðan jeg verð hjer í
bænum. Þessi styrkur ætti að sjálfsögðu að endurborg-
ast fátækrasjóði Reykjavíkur af framfærsluhreppi
mínum, sem er Villingaholtshreppur í Flóa í
Árnessýslu.

Grettisgötu 18 í Reykjavík, 6. október 1908

Auðmjúklegast.

Árni Þorvarðarson.

talað við Guðm. Egilsson
lofað greiðslu húsa-
leigu, ef á þarf að
halda. —

Til
fátækrastjórnarinnar í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík 25/2 1908

Fundur 27/2. '08.

Hjer með leifi ig mjer að fara þess á leit við hina háttvirtu Fátækranefnd Reykjavíkur. hvort hún vilji ekki eins og að undanförnu leigja mjer kálgarða á Litlabæar lóð í Skuggahverfi yfirstandi ár. ef hún ekki ráðstafar honni uppá annan máta.

Rannveig Gissursdóttir Lindargötu 40.

Til Fátækranefndar Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík
8 des 1908.

Framlr 10/12 08.
Skuld.

Hjer með leyfi jeg mjer að beiðast þess að hin háttvirta fátækranefnd Reykjavíkur sjái um að jeg fái borgaðan útfararkostnað eptir Pál Kristjánsson sem dó hjá mjer á síðastliðnum Júlímánuði, sem er upphaflega 48 krónur 50 aurar þar frá dragast 18 kr 80 a. sem bæjarfógetinn hefur borgað mjer fyrir selda muni hins og með lögðum Reykningi sýnir, eru því að eins 29. krónur 70 aurar sem vangoldið er, og sem jeg óska að mjer verði borgaðar hið fyrsta.

Þess skal getið að maður þessi var mitt vistráðið hjú, og var samið kaup 250 krónur sem á skilið var að borgaðist mánaðarlega. Af þessari upphæð (kaupi) hefi jeg borgað honum 76 krónur, en maður þessi vann þó ekki nema frá 14 maí til 24. júlí. hefi jeg því borgað honum meira

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

meira en nýjar bar eða í skilið var, og
kom það til af því að hann var rukkaður
um barnsmeðlag sem jeg varð að borga
fyrir hann til bæjar fógetans í Reykjavík

Þórður Þórðarson
Laugarnesi

Til
fátækranefndarinnar í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ekki tekið til greina.–

Árnakoti 8/10. '08.–

Jeg undirskrifuð, sem um nokkur undanfarin ár hefi verið lausakona hjer í bænum, giptist í síðastliðnum maímánuði ungum manni, sem heitir Kristján Þorleifsson, ættuðum og sveitlægum í Landmannahreppi í Rangárvalla sýslu. Bjuggum við svo saman hjer í bænum þangaðtil að hann í júlímánuði fór í kaupavinnu austur í Ölfus, en síðan hefir hann ekkert sinnt mjer, en kvað hafa ráðið sig til að verða í Ölfusinu framvegis, og skilið mig hjer epti óljetta og athvarfslausa, eptir að hann er búinn að eyða að mestu þeim litlu eigum, sem jeg átti áður en við giptumst, sem voru um 200 kr í sparisjóði. Einnig hefi jeg heyrt að hann hafi beðið bróður sinn, sem á heima hjer í bænum, að útvega sjer skilnað við mig; er því auðsætt að hans ásetningur er að yfirgefa mig og hafa ekkert framar með mig að sýsla.

Vegna þess að jeg í þessum vandræðaástæðum

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

mínum er athvarfslaus og húsnæðislaus, og enginn þorir nje vill ljá mjer húsnæði gegn minni eigin ábyrgð, neyðist jeg til auðmjúklegast að biðja hina háttvirtu fátækrastjórn Reykjavíkur að ábyrgjast fyrir mig greiðslu á húsaleigu næsta vetur og kostnaði þeim sem af barnsfæðingu minni kann að leiða, gegn því að það sem fátækrasjóður Reykjavíkur þannig kann að þurfa að borga fyrir mig, endurborgist honum aptur af framfærsluhreppi hins áðurnefnda svokallaða eiginmanns míns, Kristjáns Þorleifssonar, sem sje Landmannahreppi í Rangárvallasýslu.

Lindargötu 7 í Reykjavík, 7. okt. 1908.

Auðmjúklegast.

Elín Halldórsdóttir.

Til

fátækrastjórnarinnar í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fundur 22/10. 08. afgr.

Hérmeð leyfi ég mér að biðja hina háttvirtu fátækranefnd Reykjavíkur, um að lána mér 100 krónur gegn 15 krónu afborgun mánaðarlega.

Virðingarfyllst
Reykjavík 22. October 1908
Kristján Sæmundsson
sútari

Til
fátækranefndar Reykjavíkurkaupstaðar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Afhugað. Fundur 22/10. 08.

Hér með skal jeg, undirskifuð, leifa mér, að tilkynna, hinni heiðruðu Fátækra-nefnd Reykjavíkurbæjar, að barn það sem eg hef nú um tíma haft undir hendi fyrir nefndarinnar til hluta, er mér vegna kringumstæða minna ómögulegt að hafa lengur, og vil eg því aðvara nefndina um að hafa sjeð téðu barni fyrir öðrum verustað við lok þessa mánaðar.

Ingólfsstræti No 8, Reykjavík
22. Októbr 1908

Elín Ólafsdóttir

Til Fátækranefndarinnar í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Svarað 22/10. 08. Afsl.

Hjer með leyfi jeg mjer virðingarfylst að biðja hina Heiðruðu fátækranefnd Reykjavíkur svo vel gjöra og hjálpa mjer um. 40. Kr. úr fátækrasjóð Bæjarins fyrir húsaleigu og aðhlinningu sem jeg gjet ekki borgað án hjálpar. Hefur það nú bæst ofan á minn vesaldóm að jeg hefi verið hanndlama lángan tíma.

Virðingarfylst 20. Október 1908

Grímur Guðnason
Gíslaholti.

Til.
Fátækranefndarinnar
í
Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavik 24 nov. 1908

~~fundur 10/12. 08~~

fundur 26. nov. 1908.

27/12. 08. sar. Jóni Lág.

Til fátækranefndarinnar
í Reykjavik

Hjer með til kinnist hinni heidrudu fátækranend að ég flit burt úr bænum sjálfur strax 1. januar 1909. og með heimili mitt 14 mai sama ár. og vildi ég leifa mjer að spirja hina heyrdu nend að hvort hún vilji að barn það er ég heed fyrir bæinn fylgi mjer eptir leidis fyrir sanngjald barnið heitir Ingibjörg og er dóttir Gunnlaugs prentara eptir svari vænast jeg frá nefndinni við fyrsta tæki færi Virdingarfyllst

Hverfisg. 37. Jón Sigurdsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Stgr. Guðm. s. tekur reikn-
inginn aptur. — ath.: afgr.

Hjermeð vildi jeg mælast til
að hin heiðraða fátækranefnd
vildi ávísa meðfylgjandi
reikning til útborgunar úr
úr bæjarsjóði sökum þess að
Árni Árnason hjúst ekki
geta ástæðanna vegna borgað
reikn., og verði þessvegna
að leita til Bæjarsjóðs.

Dreg til reikning.

Rvík 10/11 1908
virðingarfyllst
Steingr. Guðmson

Til Fátækranefndarinnar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

athugað. fundur 22/10. 1908.

Eins og hinni háttvirtu fátækrastjórn er kunnugt, hefir maður minn, Guðmundur Ámundason, legið á Landakotsspítalanum síðan í júnímánuði í sumar, og liggur þar enn, án þess að hann hafi fengið neinn sýnilegan heilsubata; og sjálf lá jeg í sumar rúmföst í fullan mánuð; og af þessu leiðir að jeg nú hefi svo að segja ekkert af að lifa fyrir mig og hið yngsta barn okkar hjóna, sem hjá mjer er, sem er missirisgamalt; en verð að borga mánaðarlega 4 krónur í húsaleigu, og mjólk fyrir 20 aura á dag handa barninu, auk fæðis, eldsneytis og annara lífsnauðsynja handa sjálfri mjer.

Í þessum örðugu kringumstæðum mínum neyðist jeg nú auðmjúkt til að snúa mjer til hinnar háttvirtu fátækrastjórnar Reykjavíkur, og biðja hana að veita mjer af fátækrasjóði bæjarins framvegis frá þessum tíma, fyrst um sinn til næsta vors, mánaðarlegan styrk, sem nægilegur sje til þess að jeg og barn mitt getum neyðarlaust framfleytt lífi okkar; að sjálfsögðu gegn endurgjaldi frá framfærsluhreppi manns míns, sem er Gaulverjarbæjarhreppur í Árnessýslu.

Laugavegi 46 A í Reykjavík, 21. október 1908.

Auðmjúklegast.

Ingibjörg Helgadóttir.

Til
fátækrastjórnarinnar í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Afhengid fundur 22/10. 1908 Synjað

Sökum fátæktar minnar get jeg eigi af eigin rammleik aflað mjer, konu minni og barni okkar, nægilegs viðurværisforða til vetrarins; leyfi jeg mjer því þjer með auðmjúklegast að fara þess á leit við hina háttvirtu fátækrastjórn að hún veiti mjer 30 króna styrk af fátækrasjóði, til þess að jeg nú, meðan tækifæri er, geti fyrir þann styrk keypt mjer kjöt og helztu lífsnauðsynjar handa heimili mínu á næstkomandi vetri.

Lindargötu 1 í Reykjavík, 21. oktober 1908.

Auðmjúklegast.

Ásmundur Ólafsson.

Til

fátækrastjórnarinnar í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fundur 22/10. № 5. – afgr.

Þar sem eg undirritaður vegna heimadeifðu bilunar og ímirþonar fleira lasleika á ervidara aðstöðu í baráttunni fyrir lífinu heldur enn almennt gerist og þar af leiðandi get ekki aflað mér og mínum nægilegs viðurværis. auk þess varð síðastliðin vetrar vertíð mér gagnslaus vegna veikinda og ekki get og af eigin ramleik eignast neitt af kjöti og væri mér bæði þörf og þökk ef hin heiðraða Fátækrastjórn vildi bæta eitthvaðúr þeirri nauðþurft minni eftir því sem henni mætti þóknast að láta það vera

Hverfisgötu 51 21/10 1908
með virðingu
Sigurður Fr Guðmundsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fundi 12/11.'08.

Reykjavík, 11. Nóv. 1908

Til
háttvirtrar fátækranefndar Reykjavíkur,

Meðfylgjandi tveir reikningar frá verzluninni á Laugaveg 24, yfir tóbak er hr. Eyjólfur Bjarnason Laugv. 27, hefur tekið út. – Hvað viðvíkur fyrri úttektini skal ég geta þess, að hr. Gísli Jónsson fyrv. fátækrafulltrúi leyfði hana. En síðari úttektina lét ég án leyfis fátækrafulltrúa, og ef hin háttvirta fátækranefnd þaraf leiðandi eigi telur sér skylt að borga hana, geri ég auðvitað enga kröfu til þeirrar skuldar

Með virðingu

Magn. Þorsteinsf.

Reikn: afhentir
Magn. Þorst.
10/12.'08.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

N: Húsaleigustyrkbeiðni 26.

fundur 22/10. N 3.

fundur 12/11. '08. – afh.

Hér með leyfi eg mér undirrituð að fara þess á leit við hina heiðruðu fátækranefnd Reykjavíkur að hún styrki mig til komandi vetrar, sérstaklega vanhagar mig um eldsneyti og mjólk.

Eg vil geta þess um leið, að eg get ekki fengið húsnæði, nema með tillögum fátækranefndarinnar, en ekki upp á mitt einsdæmi. Eg bið því nefndina að sjá um það líka um leið.

Virðingarfyllst
Guðrún Magnúsdóttir,
Hverfisgötu 23.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þundu 12/11. 08. Afhugad

Hjer með tilkinni jeg fátæ
rar mennderni að Marta
María dottir mín hefur
búið síðan í fírra með
dönskum manni sem
Knúd Jenssen hétir og hef
ur hám sengmast barn
með honum hann er búin
að vera atvinnulys á
fimtu viku og bégið mér
og minna í óreglu á
þessu timma bile og þar
af lidandi eru þeggbjar
gar lys og stulkan og barn
lida stórkostlega þess
vegna þarf að koma barn
inu fírir það firsta enn

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hún fari í verk enn
hann talar um að fara
til hafnar
Holsgötu No 12 9 Nofemb 1908

Þórarinn Jónsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fundur 12/11.08. greitt. Semþ.

Ég undirskrifaður leifi mjer
hjer með að fara þess á
leit við hina heiðruðu
Fátækranefnd Reykjavíkur,
hvort hún vilji ei gjöra svo
vel og greiða til gjaldkjera
Fríkirkjunnar Herra Jóns
Brynjólfssonar. fermingar gjald
fyrir þurfaling Júlíus Runólfss
er fermdist nú síðastliðinn
sunnudag, sem er að upphæð
6 Kr. sex krónur. Áður nefndur
Júlíus hefur dvalið hjá mjer sem
þurfalingur nú í síðast liðin
tvö ár og mun hinni heiðruðu
Fátækra nefnd hann því kunnur

Virðingarfyllst

í Reykjavík 12. Nóv. 1908.

Helgi Sigurðsson Hverfisg. 37.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Afturgat. fundar 26/11. 08.

Um undanfarin $3\frac{1}{2}$ ár hefir drengurinn Einar Carlsen sem nú á 6 ári verið hjá mjer gegn 6 kr 66 a mánaðarlegu meðlagi af fátækrasjóði, og sömuleiðis hefir hálfsystir hans, Ísafold Ágústa Tómassen, sem er á 2. ári, verið hjá mjer síðastliðna 13 mánuði gegn 10 kr mánaðalegu meðlagi af fátækrasjóði.

En af því að jeg ekki sje mjer fært að geta lengur haldið þessi börn fyrir ofannefnt meðlag, legg jeg mjer hjer með að fara þess á leit við hina hátt-virtu fátækrastjórn að hún framvegis hækki ofannefnt meðlag af fátækrasjóði með börnum þessum frá byrjun næsta mánaðar upp í 12 kr mánaðarlega með hvoru þeirra fyrir sig, eða samtals fyrir þau bæði 24 kr. um mánuðinn, því fyrir minni meðgjöf get jeg ekki lengur haldið þau.

Bókhlöðustíg 9. í Reykjavík, 26. nóvember 1908.

Virðingarfyllst.

Hólmfríður Magnúsdóttir.

Til

fátækrastjórnarinnar í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fundi [illegible] 12/11. 08. [illegible]

Vegna þess að kona mín hefir í síðastliðin 2 ár verið svo sárveik af megnri liðagigt að hún stöðugt hefir orðið að njóta læknishjálpar og meðala, og hjálpar hjúkrunarkvenna, og af þessu hefir leitt svo ærinn kostnað, að jeg nú af eigin rammleik eigi hefi getað keypt mjer neinn vetrarforða til næsta vors handa heimili mínu, sem er jeg, kona mín, 2 börn okkar á 6. og öðru ári og vinnukona, og – ef til vill hjúkrunarkona – þá get jeg á þessum vetri til næsta vors eigi komizt af án stórkostlegrar hjálpar, sem mundi nema allt að 250 krónum. Þess vegna neyðist jeg til hjer með að leita liðsinnis hinnar háttvirtu fátækrastjórnar Reykjavíkur, og biðja hana að veita mjer af fátækrasjóði bæjarins að <u>láni</u> nægilega upphæð til þess að heimilið eigi líði bjargarskort til næsta vors. Þetta lán vil jeg skuldbinda mig til að endurborga fátækrasjóðnum á næsta sumri að svo miklu leyti sem jeg get, og ef jeg þá ekki get borgað það allt, vil jeg við fyrstu hentugleika borga eptirstöðvarnar á næstu árum, svo framarlega sem mjer er það mögulegt. En skildi, mót von minni, borgunin bregðast frá minni hálfu í framtíðinni,

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þá er fæðingarhreppur minn, Bessastaðahreppur á Álptanesi, skyldur að greiða fátækrasjóði Reykjavíkur það fje, sem jeg hefði hjá honum fengið, en hjartansfegin vildi jeg óska að eigi þyrfti til þess að koma.

Jeg leyfi mjer að óska þess og vonta að hin háttvirta fátækrastjórn veiti mjer hina umbeðnu hjálp í mínum núverandi örðugu kringumstæðum.

Laugavegi 56 í Reykjavík, 10. nóvember 1908.

Auðmjúklegast.

Jónas Árnason.

Til

fátækrastjórnarinnar í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

svarað 12/11. '08.

Reykjavík 4. Oktober 1908.

athugað

Hér með dirfist jeg að beiðast þess að mér verði veittur styrk-ur úr fátækra sjóði Reykjavíkur af þeim ástæðum að jeg er nú þegar talsvert farinn að heilsu en hef fyrir átta úngum börnum að sjá, það elsta af þeim er nú 13. ára og svo niður. Konan mín er einnig mjög farin að lýjast einkanlega síðan hún lá á „Spítalanum" núna fyrir tveimur árum. Atvinna mín er oft mjög rýr stundum als engin, en flestar lífsnauðsinjar fara á hækkandi sérstaklega fyrir fátæklingum sem verða að sæta smákaupum. Af ofan greindum ástæðum

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

leifi jeg mér að fara þessá leit við hina heiðruðu fátækra-nefnd að sjá til að mér verði veittur mánaðarlega styrkur nú fyrst um sinn. Upphæðina nefni jeg ekki (því þörfin er mikil) en fel það rjettsýni og sanngirni hinnar heiðruðu fátækranefndar að ákveða hana.—

Virðingarfyllst

Pjetur Hafliðason

Til
fátækrastjórnar
Reykjavíkur.—

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Atkugað. Fundur 12/11. 08.

Vegna þess, að síðastliðin vetrarvertíð og sumar varð af ýmsum atvikum ~~mjer~~ svo arðlaust, að jeg ekkert hafði afgangs fyrir vetrarforða handa mjer og heimili mínu, konu minni og 3 börnum, svo jeg nú þegar er bjargþrota, leyfi jeg mjer hjermeð í þessum vandræðum mínum að snúa mjer til hinnar háttvirtu fátækrastjórnar, og auðmjúklega biðja hana að veita mjer af fátækrasjóði 15 króna styrk á mánuði frá byrjun yfirstandandi nóvembermánaðar til loka næstkomandi marzmánaðar. En frá byrjun aprílmánaðar hefi jeg von um að jeg kunni að geta útvegað mjer lán, eða fyrirfram borgun, hjá útgjörðarmanni þeim, sem jeg kann þá að verða ráðinn hjá til sjómennsku, til lífsframfæris heimili mínu frá þeim tíma.

Klapparstíg 14. í Reykjavík, 12. nóvember 1908.

Auðmjúklegast:

Eiríkur Guðjónsson.

Til

fátækrastjórnarinnar í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

athugad.

fundur 12/11. 08.
27/12.08. Mr. Steina Bersi Amangur? –

Gudmundur Jónsson þurfamadur
Reykjavíkurbæjar sem verid hefir
hjá mjer sídastlidin 5 ár, er nú
ordin svo lasburda ad mjer er
ómögulegt ad halda hann med
sömu medgjöf lengur, medgjöfin
er nú 144 kr um árid, enn eg
krefst þess ad medlag med honum
sje frá þessum degi hækkud
uppí 180 kr um árid eda 50 aura
á dag, og er þad sannarlega
ekki ofmikid, þar allt sem
þarf til lífs uppeldis hækkar
í verdi og madurinn hefir
hrörnad á sál og líkama

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þettað bið eg hina heiðruðu bæarstjórn að athuga og láta mig svo vita úrslitinu það fyrsta.

Narfastöðum 20 oktober 1908

Stefán Björn Arnorsson

Til

Bæarstjórnarinnar í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

*Til athugunar.*

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

24.nóv.1908

273

Stjórnarráðið hefur með brjefi dags.20.þ.m. tilkynnt að eptirgreindum börnum i Reykjavikurkaupstað hafi verið veittur styrkur úr Thorkilliisjóði,20.kr.hverju .-

1.Ragnheiður Helga Ólafsdóttir

2. Elka Sveinbjörnsdóttir

3. Ófeigur Eyjólfsson

4. Hermann Jónsson

5. Ástriður Kristin Bjarnadóttir

6.Ástriður Sigurrós Guðmundsdóttir

7. Ólafur Ingimundsson

8.Guðrún Guðmundsdóttir

9. Þórey Ingibjörg Jónsdóttir

10.Sigriður Einarsdóttir

11. Haraldur Einarsson

12. Agnes Konráðsdóttir

13. Magnús Jón Kristófersson

14.Friðjón Albert Jóhannsson

15. Björn Björnsson

16. Auðbjörg Tómásdóttir

17. Sigfús Sigfússon

18. Sveinbjörg Sigfúsdóttir

19. Július Hallgrimsson

20. Ástvaldur Friðsteinsson

21. Jón Jóhannes Ármannsson
22. Ásmundur Árnason
23.Einar Oddgeir Benediktsson

24. Ólafur Jónsson

25. Ingibjörg Jónsdóttir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

26. Magnús Eiriksson

27. Sigriður Jónsdóttir

28. Ágúst Ólafsson

29. Jórveig Ingibjörg Einarsdóttir

30. Kristin Árnadóttir

31. Sigriður Einarsdóttir

32. Þorsteinn Þorvarðarson

33. Guðmundur Guðmundsson

34. Einar Ingvar Pálsson

25. Jósep Jósepsson

36. Theódóra Oddsdóttir

37. Oddur Ágúst Oddsson

38. Otto Guðbrandsson

39. Guðmundur Óskar Danielsson

40. Anna Bjarnadóttir

41. Guðný Hólm Samúelsdóttir

42. Guðrún Nilkulásdóttir

43. Steingrimur Klingenberg Guðmundsson

44. Guðmundur Hafliði Pálsson

45. Þuriður Ólafia Pálsdóttir

46. Brynjólfur Magnús Hannesson

47. Gisli Andrjesson

48. Marta Þorvaldina Sveinbjörnsdóttir

49. Málfriður Pjetursdóttir

50. Sæmundur Kristjánsson

51. Sigriður Sveinsdóttir

52 Halldór Tómásson.-

Þetta tilkynnist hjer með.-

Páll Einarsson.

Til

Fátækranefndar Reykjavikur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

N^a 76.

Fundi 10/12. 08. veitt

Jeg undirrituð leifi mjer virðingar fyllst að fara fram á við hina heiðruðu fátækranefnd að hækka meðlag það sem jeg hefi með dóttur syni mínum. Það sem jeg nú hef með honum eru 60 kr en jeg vildi mælast til að mjer irðu greiddar 80 kr. Jeg þikist vita að sum um í fátækranefndinni muni vera kunnugt um að þessi dreingur er sá aumingi að einginn mundi taka hann fyrir 80 krónur aukheldur minna svo bættist það ofan á að læknirinn skip aði mjer að láta hann hafa í það minsta 1/2 pott af mjólk á dag ~~til~~ því annars gæti hann ekki lifað. Svo bætist það ofan á að mjer fer óðum hnignandi og þar af leiðandi van þrekuð til að vinna

Gíslaholti 10/12 1908

Ranveig Jónsdóttir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fundur 10/12. 08. – veitt

Undanfarin 10 ár hefi jeg haldið tengdamóður mína gamalmennið Ingveldi Stefánsdóttur, án þess að jeg hafi fengið neitt meðlag með henni frá neinna hálfu allt fram að þessum tíma. Síðastliðin 4–5 ár hefir hún, sökum ellihrumleiks og heilsuleysis, verið þungur ómagi, opt því nær rúmföst og síðan 10. sept. 1907 algjört liggjandi í rúminu, og þarfnast umhyggju og hjúkrunar eins og ungbarn, og er þessvegna mjög þungur ómagi. Nú eru ástæður mínar svo, að jeg er alveg eignalaus og fátækur maður, en hefi 8 börn mín, öll á ómagaaldri, fram að færa, og hefi ekkert annað við að styðjast en atvinnu mína, og veitir örðugt að geta alið önn fyrir fjölskyldu minni. Mjer er því alveg ómögulegt að geta lengur haldið ofannefnda tengdamóður mína Ingveldi Stefánsdóttur án fullrar meðgjafar, og leyfi mjer því hjer með að fara þess á leit við hina háttvirtu fátækrastjórn, að hún frá byrjun yfirstandandandi mánaðar borgi mjer með henni sem meðlag af fátækrasjóði 20 krónur á mánuði hverjum. Ennfremur leyfi jeg mjer að fara þess á leit að fátækrastjórnin borgi mjer með henni sömu mánaðarlegu upphæð fyrir 3 síðastliðnu mánuði þessa árs (sept. okt. og nov.), með 50–60 kr., – þess hefi jeg ástæðna minna vegna sannarlega þörf.

Laugavegi 37 í Reykjavík, 8. desember 1908.

Auðmjúklegast,
Kristján Sæmundsson.

Til
fátækrastjórnarinnar í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fundur 10/12. '08. Síðan breytt!

Reykjavík 8/12 1908

Hjermeð leyfi jeg mjer að fara þess á leit við hina háttvirtu bæjarstjórn að mjer sje veittur hæfilegur styrkur mjer til framfærslu, þar jeg get ekki [illegible] unnið fyrir mjer.

Með virðingu

Guðríður Einarsdóttir

Til bæjarstjórnarinnar

í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ávísað Bened. sötara
upp í meðlagið til 14/5. og
<u>25 Kr.</u> hinn 14/12.08. —

Fundur 10/12. 08.

Þareð stúlkubarnið Ingibjörg Benjam=ins dóttir á 3ja ári hefur verið hjá mjer síðan 14. maí sl. hef jeg fengið með henni frá föðurnum, enn ekkert að móðurinnar liti enn hún er fædd og uppalin hjer og heitir Pálína ~~Jónsdóttir~~ Pálsdóttir, neiðist jeg því til að snúa mjer til hinnar heiðruðu fátækra stjórnar Reykjavíkur með þeim um mælum, að hún láti mig hafa með þessu barni 40 kr að móðurinnar liti úr bæjarsjóði frá nefndum tíma til 14. maí n.k., að öðrum kosti er jeg neiddur til að afhenda barnið fátækrastjórn bæjarins, að síðustu skal þess getið að jeg er orðin eins og hvert annað gamalmenni ónýtur til vinnu þó jeg sje og hafi verið í skurða grefti, og má búast við að jeg gefist

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

upp á því sá minnst varir, ég
ordlengi þetta ekki frekar enn bið
eptir svari. Virdingarfillst

Reykjavík 10.–12.'08
Benidikt Jónsson fyrv. sótari
á Skólavörduskig

Til
fátækrastjórnar Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Synder 26/11.08. – frestað
Andrés prst. –

Reykjavík 13 November 1908.

~~[illegible]~~

Vegna þess að mig vantar flest er til lífsviðurhalds þarf, neiðist jeg til að biðja. Fátækrastjórn Reykjavíkur, að hjálpa mjer, Ástæður mínar eru þannig að jeg er ein og leigje lítið herbergi firir kr. 2,25 um mánuðinn tvær krónur 2,25, jeg er 75 ára að aldri og þar af leiðandi orðinn ónít að vinna mjer inn brauð, Erlendur Sonur minn hefur híngað til hjálpað mjer en nú eru ástæður hans ~~[illegible]~~ eru þannig,

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að hann á fimm ung=
börn, fyrir að sjá og vinna
atvinnu og getur þess vegna
hjálpað mjer, jeg óska helst
eftir að jeg fengi mánaðar
lega styrk, og sje jeg ekki
að jeg geti komist af með
minna, en 10 kr á
mánuði. Jeg læt þess getið
að jeg er hjer fædd og
hef dvalið hjer æfinnina.

Virðingarfyllst,
Guðrún Jónsdóttir
Bræðaborgarstig. 13.

Til. Fátækrastjórans
í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fundur 10/12. 08. – frestað.

Styrkur veittur síðar –

Sökum fátæktar leifi
eg mjer að biðja hina háttvirtu
fátækra nefnd að veita mjer að
láni til að lifa á 60 kr sextíu
krónur sem jeg skuld bind mig
til að endurborg aftur í tvennu
lagi þannig 26 kr 5 febrúar
1909 og síðari partin 36 kr 5 maí
sama ár Eg verð að leifa mjer að
taka það fram að verði nefndin
ekki við bón minni að veita
mjer þessa upphæð að láni
neiðir hún mig til að sækja
um hana sem þurfa manna
stirk [illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

svo góðum mönnum skipuð að hún vilji heldur veita mjer hana að frjálsu láni heldur enn að neiða mig til hins þessar ups[l]hæðir sem jeg til tekið en vísir peningar sem mjer eru greiddir á þessum sömu tímunum enn sem mjer eru ófull nægir nú til að lifa af. Jeg hef heldur ekki full not af minni ups[l]hæð því þarfirnar eru svo margar mjer skal vera ljúft að gjöra svona lagaðan samning við einhvern nefndar manna fyrir nefndarinnar hönd til dæmis Herra Samúel Ólafsson jeg treisti og vona að hún hátt virta full trúar fátæklinganna sinji mjer ekki um þess bón mína og neiði mig því ekki til þess sem jeg vildi óska að aldrei kæmi fyrir mig að þurfa að þiggja opinberan stirk enn til þess neiðist jeg verði mjer sinjað

Reykjavík 9 Desber 1908

Virðingarfylst

Guðjón Jónsson
Hverfisgötu 56

Til
Fátækranefndarinnar
Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fundur 10/12. 08.

Jafnframt því, sem jeg hjer með votta hinni hátt-virtu fátækrastjórn mitt innilegasta þakklæti fyrir þann 6 króna mánaðarlega húsaleigustyrk, sem hún, samkvæmt beiðni minni, hefir frá byrjun síðastliðins októbermánaðar ~~hefir~~ veitt mjer af fátækrasjóði Reykjavíkur, neyðist jeg til, - sökum þess að bæði jeg og kona mín höfum um undanfarinn mánaðartíma verið, og erum enn svo veik, að við ekkert getum unnið til styrktar lífsframfæri okkar, - auðmjúklega að biðja hina háttvirtu fátækrastjórn að veita mjer af fátækrasjóði frá byrjun yfirstandandi mánaðar þangaðtil í miðjum næstkomandi maímánuði 15 króna mánaðarlegan styrk - í viðbót við ofan-nefndan 6 króna húsaleigustyrk - til þess að jeg geti komist hjá bjargarskorti fyrir mig og heimili mitt á þessu tímabili, allt gegn væntanlegu og sjálfsögðu endurgjaldi af framfærsluhreppi mínum Villinga-holtshreppi í Flóa í Árnessýslu.

Grettisgötu 18 í Reykjavík, 8. desember 1908.

Auðmjúklegast.

Árni Þorvarðarson.

Til

fátækrastjórnarinnar í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

svarað 10/12. '08. afgr.

Heiðraða fátækranefnd

eg ætla að dirfast að skrifa
yður við viðvíkjandi þórði
syni mínum einn og yður
er kunnugt var hann
sendur af föður sínum suður
i veiði leiri og hér var hann
i veiði leiri um göturnar
þangað til maðurinn sem
eg er hjá skaut fyrir mig
skjóls hini yfir hann og hjá
mjer hefur hann verið i
mánuð og þar sem við
bæði erum skilin og hann
ei að hafa bæði börnin
enn eg hef annað barnið
bæði [illegible]

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sumar kaupi mína og
klætt það að öllu leiti
því stíkir mjer það hart
ef fátækra nemdinn ætlart
til að eg hafi þórð líka
og þar sem búið er að
biðja hana fyrir langu
að koma honum fyrir
enn það er ógjört enn
því skora eg á hina
Heiðraðu fátækra nemd
að taka hann og koma
honum fyrir eða því ef
það geingur ekki og eg
verð að hafa hann þó eg
ekki þurfi þess fremur en
eg vil því verðið þið að
gefa honum um ný föt fyrir

jólinn og borgið mjer með
honum 40 kr fjörutíu
krónur fyrir jól annars
fari eg ekkur hann eftir
fundinn ef það geingur ekki
og satt að sega vil eg heldur
vera laus við hann enn
hafa hann þó eg fái þetta
með honum því eg hef
ekkert við hann að gjöra

Reykjavík 9/12 1908

Virðingar fyllst

Guðlaug Þórðardóttir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fundur 22/10. 1908.

29/12.08. Svarað Borgarstjóra „Nefndin telur sjer eigi skylt og eigi heimilt að greiða fúlguna úr fátækrasjóði." —

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

11.okt.1908

Jeg sendi fátækranefndinni hjer með til umsagnar brjef bæjarfógetans i Reykjavik,dags.18.f.m. og þar með fylgjandi erindi Elinbjargar Runólfsdóttur á Eskifirði,fráskilinni konu Guðmundar Pjeturssonar læknis hjer i bænum,en i erindi þessu fer hún þess á leit,að fátækrasjóður Reykjavikur greiði henni meðlag það er maður hennar hefur samkvæmt skilmálunum lofað að greiða til framfæris henni og börnunum.

Páll Einarsson.

Til

Fátækranefndar Reykjavikur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fengið 22/10. – 1908

29/12. 08 svar. bæjarfógeta.
„Fátækranefndin telur það eigi ráðlegt, að taka beiðnina til greina.“

**BÆJARFÓGETINN Í REYKJAVÍK**

Reykjavík 12. okt. mán. 1908.

Jóhannes L. L. Jóhannesson prestur að Kvennabrekku í Miðdölum hefur farið þess á leit við stjórnarráðið, í brjefi dags. 20. maí þ. á., að hann verði frá 1. júlí þ. á. leystur frá því að greiða fyrverandi konu sinni Steinunni ~~Guðmunds~~ Jakobsdóttur forlagseyri samkvæmt amtsúrskurði 6. okt. 1896, 200 kr. á ári, er hann telur sjer ókleyft að borga sakir fátæktar. Stjórnarráðið hefur með brjefi, dags. 9. þ. m. beiðst umsagnar minnar um þetta erindi og býst jafnframt við að jeg beri mig saman við fjárhaldsmann prestskonunnar eða nánasta aðstandanda hjer um málið.

Nefnd prestskona er, einsog hinni heiðruðu fátækranefnd er kunnugt, geðveik og sveitlæg hjer í bænum, og hefur árstillag það er hún hefur fengið frá fyrverandi manni sínum að viðbættum nokkrum styrk úr prestekknasjóði, eigi gjört betur en hrökkva henni til framfæris. Vandamenn á hún hjer enga aðra en bróður sinn Guðmund

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Jakobsson trjesmið. Við hann hef jeg átt tal um þetta mál, og hefur hann látið mig vita, að hann treysti sjer ekki til, að taka systur sína að sjer til framfæris eða leggja neitt verulegt af mörkum til þess.

Með því að eigi er annað fyrirsjáanlegt, en að prestkona þessi verði handbendi fátækrasjóðsins hjer, ef styrk þeim, er hún hefur hingað til haft frá fyrverandi manni sínum, verður kippt burtu að nokkru eða öllu leyti, vil jeg mælast til að hin heiðraða fátækranefnd láti mjer í tje álit sitt um málaleitun síra Jóhannesar; læt jeg skjöl f. málsins fylgja brjefi þessu og óska að fá þau endursend með svarinu. —

Halldór Daníelsson.

Til

Fátækranefndar Reykjavíkur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

29/12.08. Svarað Borgarstjóra. Maðurinn sendur út að ráðstöfun fátækrastjórnarinnar.

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

23.okt.1908

208

Í meðfylgjandi brjefi dags.17.þ.m. hefur stjórnarráðið beiðst þess að fá yfirlýsingu fátækranefndarinnar um það hvort sjúklingurinn Þorsteinn Pálsson, sá er ræðir um i brjefinu hafi verið sendur hjeðan til Danmerkur eða hvort hann hafi dagað þar uppi,og verið veittur þar fátækrastyrkur sá,sem landssjóður er að nokkrum hluta krafinn um endurgjald á.Þessa skýrslu bið jeg fátækranefndina að senda mjer við fyrsta tækifæri.

Jeg skal geta þess,að jeg hef munnlega farið þess á leit við bæjarfógetann,að hann gæfi mjer skýrslu um,að maður þessi hefði verið sendur til útlanda,en hann tjáði mjer,að ályktun fátækranefndarinnar um það mundi vera bókuð i gjörðabók hennar og áleit þvi betur við eiga,að nefndin gæfi skýrslu þessa.

Brjef stjórnarráðsins óskast endursent með væntanlegu háttvirtu svari nefndarinnar.-

Páll Einarsson

Til

Fátækranefndar Reykjavikur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

svaraþ 13/2. 08.
30/12-08. Þm. bæjar-
fógeta. —

BÆJARFÓGETINN Í REYKJAVÍK

Reykjavík 10. d. febr. mán. 1908

Um leið og jeg með brjefi þessu sendi brjef sýslumannsins í Barðastrandarsýslu dags. 3. þ.m. og brjef hreppsnefndar Suðurfjarðarhrepps, dags. 31. des. f.á. viðvíkjandi ágreiningi milli fátækranefndar Reykjavíkur og hjeraðs hreppsnefndar út af legu og útfararkostnaði þurfalingsins Karólínu Sveinbjarnardóttir, svo og önnur skjöl, er snerta þetta mál, óskast jeg til að hin heiðraða fátækranefnd láti mjer í tje umsögn sína um það hvort hún eptir upplýsingum þeim og röksemdum, sem fram eru komnar í ofangreindum brjefum vilji samþykkja

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hinn umspráttaða reikning.
Með svarinu óskast fylgiskjölin endursend.

Halldór Daníelsson.

Til

Fátækranefndarinnar. —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Til
Bæjarfógetans í Rvík.

Fátækranefnd Rvíkur,

30. des. 1908.

Með bréfi, dags. 10. febr. þ. á., hafið þér, herra bæjarfógeti, sent fátækranefndinni af nýju til umsagnar og álita reikninga hreppsnefndar Suðurfjarðarhrepps út af legu og útfararkostnaði Karólínu Sveinbjarnardóttur, svo og bréf hreppsnefndarinnar og sýslumannsins í Barðastrandarsýslu, dags. 3. jan. þ. á. og 21. des. f. ár. Málefni þetta lagði ég fyrir fátækranefndina á fundi hennar 13. febr. þ. á.; hefur hún enn af nýju lesið það til rannsóknar, og síðan falið mér að skrifa yður, herra bæjarfógeti, andsvör hennar á þessu líti.

Fátækranefndin ~~vísar~~ vitnar til bréfs síns, 20. nóvbr. f. ár, þar sem þetta mál er svarað ítarlega krufið til mergjar. Karólína var sam-feldu-ómagi foreldra sinna til 9. okt. 1906; þá varð hún 16 ára, og þá kom hún sem ómagi á Reykjavíkurkaupstað, þar er hún var fædd. Hún var þó á vegum föður síns Sveinbjarnar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ólafssonar, eptir 9. okt. 1906, deginum eins og að undanförnu, og það var hún, unz hún andaðist 1. desbr. 1906; hún var þannig ómagi Reykjavíkurkaupstaðar í 53 eða 54 daga. Fyrir þennan tíma vill fátækranefndin greiða hæfilegt meðlag með henni, og telur hún 1 kr. á dag hæfilegt meðlag; svo býðst hún og til að greiða lækniskostnaðinn kr 10,31, og útfararkostnaðinn kr. 53,94, án þess að krefjast nokkurrar niðurfærslu á þessum gjaldaliðum. Þetta verður samtals (54,00 + 10,31 + 53,94 =) 118 kr. 25 aur.

Það var vitanlega eigi nein átt, að snúa málinu þannig við, að Karólína heitin hafi staðið fyrir búi þeirra feðgina, og færa henni til reiknings úttekt búsins (svo sem kaffi, export, sykur, margarine, kol, olíu o. s. frv.), en á þessum grundvelli eru reikningar hreppsnefndarinnar byggðir upp. Faðir hennar, Sveinbjörn, stóð fyrir heimilinu og búinu, og hann var kallaður tómthúsmaður á Litla-eyri. Hann tjáist hafa sagt Karólínu til sveitar, /

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og átti hann þá að fá hæfilegt meðlag með henni, en ~~þar er eigi getið~~ um það er engin skýrsla í skjölum málsins. Karólína er látin kosta heimilið að miklu eða mestu leyti; á þann hátt, að hennar er færð til reiknings úttekt búsins. virðist það vera alls ófyrirsynju. En verði reikningar hreppsnefndarinnar lagðir til grundvallar, leyfi jeg mjer að vitna til þess, sem jeg hefi þegar að um það í brjefi mínu 20. nóvbr. f. á., er fylgir skjölum máls þessa, og álít fátækranefndin samþykkja til vera að greiða 125 kr. 48 aur., eins og þar er tekið fram. —

Samkvæmt þessu býðst fátækranefndin til að greiða Suðurfjarðarhreppi upp í framfærslu- og útfararkostnað nefndrar Karólínu 118 kr. 25 aur., og til vara 125 kr. 48 aur.; þó framanskráð reikningsáferð hreppsnefndarinnar álízt rjettmæt, en hærri upphæð álít nefndin með engu móti sanngjarnt að greiða. —

./. ~~Skjölin~~ Skjöl málsins endursendist.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

20/11.07. Aw. bæjarfgj.

BÆJARFÓGETINN Í REYKJAVÍK

*Reykjavík,* 12. *dag* Okt. *mán.* 1907.

Sbr. brjef 25/10. 1906.

Jeg leyfi mjer að senda hinni heiðruðu fátækranefnd til frekari aðgjörða hjálagt brjef sýslumannsins í Barðastrandarsýslu ásamt reikningi með fylgiskjölum frá hreppsnefnd Suðurfjarðarhrepps yfir styrk veittan Karólínu Sveinbjarnardóttur.

Halldór Daníelsson.

Til fátækranefndar Reykjavíkurkaupstaðar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

(Uppkast).

FÁTÆKRANEFND REYKJAVÍKUR

Reykjavík, 20. nóvbr. 1907.

Með brjefi yðar, herra bæjarfógeti, dags. 12. f. m., meðtók jeg brjef sýslumannsins í Barðastrandarsýslu, dags. 16. Sept. þ. á., ásamt reikningi með fylgiskjölum frá hreppsnefnd Suðurfjarðahrepps yfir styrk veittan Karólínu Sveinbjarnardóttur. Frá því jeg meðtók þetta brjef yðar, varð enginn fundur haldinn í fátækranefndinni fyr en 14. þ. m. (– varð fundarfall 24. f. m. –); og gat jeg eigi lagt reikninginn fyrir nefndina, fyr en á þessum fundi. Nefndin athugaði þá málið, og rannsakaði reikninginn, og fól mjer síðan, að gjöra grein fyrir andsvörum hennar, eins og hjer segir.

Karólína Sveinbjarnardóttir var fædd hjer í Reykjavík 9. okt. 1890; foreldrar hennar voru Sveinbjörn Ólafsson og Vigdís Bergþórsdóttir; þau voru ógift þá, og hafa eigi gifst síðan, en búið hafa þau saman, og það nú síðast á

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Litlueyri í Suðurfjarðahreppi, þar sem Sveinbjörn
var þurrabúðarmaður. Karolína var hjá foreldrum
sínum og á framfærslu hjá Sveinbirni föður sínum.
Í fyrra ~~var hún~~ urðu þær báðar mæðgurnar ~~orðin~~ veikar af Berklaveiki. — Hinn
9. okt. f. ár (1906) var ~~hún~~ Karolína orðin 16 ára að aldri,
og 25. sama mán. kannaðist fátækranefndin hjer við,
að hún væri sveitlæg í Reykjavík. Hinn 1. desbr. f. ár
andaðist Karolína; hún var þannig eigi lengur
ómagi Reykjavíkurkaupstaðar en frá 9. okt. til
1. desbr. 1906, eða alls 54 daga að báðum þess-
um dögum meðtöldum. — Hreppsnefnd Suðurfjarðar-
hrepps krefur nú Reykjavíkurkaupstað um kr. 198,95 aur.,
198,95 ÷ 1,50 = 197,45 — að frádregnum kr. 1,50 (sem er afgangsandvirði fyrir seldar
reitur) og verður upphæðin þá kr 197,45 aur. — Þessi upphæð (brutto) kemur þannig fram, að skiptist
þannig: 1. Framfærslukostnaður 9/10.–1/12. '06 – – kr. 132,83.
2. Læknisreikningur – – – 10,31.
3. Útfararkostnaður – – – – 53,94.
4. Fyrir ýmislegt (kistan á eftir o. fl.) – – 1,87.
kr 198,95

Fátækranefndin telur þennan reikning ~~alveg~~ óhæfilega háan,
enda rangan að því leyti, að Karólínu er talið til

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

skuldar margvíslegt, sem auðsjáanlega var tekið út til handa búi Sveinbjarnar föður hennar; þessi berklaveiki, 16-ára aumingi er látinn alveg fram í andlátið taka út í reikning við verzlun Hannesar B. Stephensen á Bíldudal meðal annars: Soda, grænsápu, peninga, farin, rís, olíu, kringlur, brenni, kol, kandís, kjöt, hey, kaffi, kartöflur o. s. frv. Þessi reikningur er yfir útlits Sveinbjarnar, en algjörlega óviðkomandi Karolínu, og neitar fátækranefndin algjörlega að borga hann, en það er fyrsti liðurinn í reikningi Suðurfjarðahrepps (Kr 48,20). – Þá er 2. liðurinn í reikningnum Kr. 50,29. Af þessum lið neitar fátækranefndin að borga ~~4 fyrstu upphæðirnar Kr. 29,43, með því að þær ei sem útlit að vera, en gjörð hafi verið fyrir bú Sveinbjarnar, og að útteiktin hafi komið búslýðu hans til góða, eigi síður en dóttur; af 2 síðustu liðum reikningsins þessa vill fátækranefndin eigi greiða nema helminginn, með því að hjúkrunin hafi verið jafnt í þörf móður Karolínu, er einnig var mjög veik, eins og Karolínu sjálfri~~ helminginn af hjúkrunarkostnaðinum, sem eru 2 seinustu póstarnir, með því að þessi kostnaður hafi eigi síður verið fyrir móður Karolínu, er einnig var mjög veik, en Karolínu sjálfri. Þessi helmingur hjúkrunarkostnaðarins er Kr 10,43 aur., og samþykkist þá af reikningsliðnum 39 Kr. 86 aur. Þriðji liðurinn í reikningnum er fyrir hjúkrun, og samþykkist eigi nema helmingur af 3 kr. 4. liður reikn-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ingunni — er ennfremur frá þjónum, og óviðkomandi eiga nema reikningunum, eða 6 kr. — 5. reikningsliðurinn, frá húsaleigu kr. 5,84, óviðkomandi var; það átti enga húsaleigu að greiða [illegible] frá Karólínu; reikningurinn snerti svein-björn einungis. Að öðru leyti ætti fátækranefndin eigi að hafa á móti reikningunum, þó þeir þyki nokkuð ósanngjarnir, háir og illa úr garði gjörðir. Samkvæmt því sem hjer er tekið fram, býðst nefndin til að borga upp í reikningana eins og hjer segir:

1. af framfærslukostnaðinum 39,86 + 3,00 + 6,00 + 5,50 + 5,00 = ——— 59,36
(það er reikningsliðunum 2, 3, 4, 7 og 8).
2. Læknisreikninginn ——— 10,31.
3. Útfararkostnaðinn (er annars mjög hár) . . 53,94.
4. Ýmislegt (síðasti reikningsliðurinn) — — 1,87.

Samtals — 125,48

Annars er öll reikningsaðferð hreppsnefndarinnar mjög aðfinnsluverð; hið eina rjetta hefði verið að reikna sæmilegt meðlag með Karólínu, til dæmis 1 kr. á dag (hana hefði það með engu móti getað orðið) og hefði reikningurinn þá orðið þannig — Meðgjöf . . kr. 54,00.

Læknisreikningur — 10,31.

Útfararkostnaður — 53,94.

Samtals — 118,25.

/ þetta hefði vissulega verið fullhár reikningur.

/ — Reikningar Suðurfjarðahrepps endursendast. —

viðurkenn 25/10. 06.

Karolína Sveinbjarnardóttir, fædd 9/10. 1890.; dáin 1/12. 1906.

á sveitarframfæri Rvíkur 9/10. til 1/12. '06.

var á Litlueyri hjá föður sínum, þurrabúðar-manni Sveinbirni Ólafssyni, er virðist hafa búið með móður hennar. –

reikn. Nr 1 útlagt til heimilis Sveinbjarnar 94,90
helmingur 47,45 + 0,75 = 48,20.

R. 1. = 0,00.
– 2. 39,86.
– 3. 3,–
– 4. 6,–
– 5. 0,–
– 6 – 10,31.–
– 7 – 5,50.–
– 8 – 5,–
– 9–13 53,94.
~~14~~ 1,87. 125,48

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Dánarvottorð.

Karólína Sveinbjarnardóttir, þurfalingur, sjúklingur á Litlueyri, 16 ára, er dáin 1. des. 1906 og greptruð 8. des.

Samhljóða prestsþjónustubók Otrardals-prestakalls, vottar:

Bíldudal í ág. 1907

Jón Árnason
prestur.

Ad. Bd. J. S. 26 – 1907

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1890, 9. okt. er fædd, 28. s. m. er skírð

Karolína.

Foreldrar Sveinbjörn Ólafsson, vinnumaður á Indriðastöðum í Skoradal og Vigdís Bergþórsdóttir, lausakona í Jörgensbæ, bæði ógift.

Þetta er samhljóða ministerialbók Reykjavíkur prestakalls. Það vottast.

Reykjavík, 24. okt. 1906

Jóhann Þorkelsson

dómkv. pr. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

23/20

BARÐASTRANDARSÝSLA

23/10. 06. Dómkirkjuprestur-
inn beðinn um skírnar-
vottorð. –

Patreksfirði 12. okt. 1906

fundur 25/10. 06.

sv. bæjarfóg. 26/10. 06. 502

– o –

Jafnframt því að senda yður, herra bæjarfógeti, meðfylgjandi bréf frá oddvita Suðurfjarðahrepps, leyfi eg mér að vænta, að þér útvegið hið fyrsta umsögn bæjarstjórnarinnar í Reykjavík um það hvort hún viðurkenni sveitfesti stúlkunnar Karólínu Sveinbjarnardóttur á Litlueyri, og ef svo er, hverjar ráðstafanir hún vill gjöra þurfaling þessum viðvíkjandi.

G. Björnsson

Til
bæjarfógeta Reykjavíkur.

Bæjarfóg. í Rvík.
Dagbók 1906 No 1152

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Sendist heiðraðri fátækranefnd til umsagnar. —

Bæjarfógetinn í Reykjavík 23. okt. 1906

Halldór Daníelsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Með því að sjúklingurinn og þurfa-
lingurinn Karólína Sveinbjarnar-
dóttir á Litlueyri verður 16 ára
9. þ. m. og er talin að vera fædd
í Reykjavík, vildi jeg hjer með
leyfa mjer, að biðja yður, velborni
herra sýslumaður, að fá vitneskju
og viðurkenningu um sveitfesti
nefndrar þurfalings og óskar hrepps-
nefndin helst að umræddur þurfa-
lingur gæti komist suður með
gufuskipsferð á þessu ári, þareð
hjeraðslæknirinn, er skoðaði bæði
hana og móður hennar, er einnig
liggur veik og segir þær báðar illa
haldnar af <u>berklaveiki</u> í lungum
og skoðun hans fór fram 28. f. m.

Bd. J. S. 22 – 1906. Rd.

Dagbók 1906 No. 1152.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og kom í álitsgjörð sinni álítur að með mikilli varkárni og góðri meðferð mætti flytja þær 2 mæðgurnar til Reykjavíkur (með gufuskipi) og koma þeim þar á spítala, — því vandkvæði er að halda slíka sjúklinga og þeir væru best komnir á spítala.

Bíldudal 6. okt. 1906.

Jón Árnason
prestur
p. t. oddviti.

Til
Sýslumannsins í Barðastrandarsýslu
Patreksfirði.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

BÆJARFÓGETINN Í REYKJAVÍK

afh:

Reykjavík 12. d. desember mán. 1906.

Hjermeð sendi jeg hinni heiðruðu fátækranefnd

til athugunar brjef sýslumannsins í Barðastrandar-

sýslu, dagsett 29. f. m. með 4 fylgiskjölum, um

að sjúklingurinn Karólína Sveinbjarnardóttir

sje eigi flutningsfær hingað.

Halldór Daníelsson.

Til

Formanns fátækranefndarinnar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

11/12

BARÐASTRANDARSÝSLA

Patreksfirði 29. nóv. 1906

598

Jafnframt því að senda yður, herra bæjarfógeti, meðfylgjandi bréf hreppsnefndar Suðurfjarðahrepps, ásamt fylgiskjölum, viðvíkjandi stúlkunni Karólínu Sveinbjarnardóttur, skal eg geta þess, að þar sem læknisvottorð liggur fyrir, að hann álíti ekki stúlkuna ferðafæra, svo lífi hennar ekki sé hætta búin, hefi eg ekki séð mér fært, að gefa út vegabréf handa henni.

G. Björnsson

Til
bæjarfógeta Reykjavíkur.

Bæjarfóg. í Rvík
Dagbók 1906 No. 1330

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hjermeð leyfi jeg undirritaður mjer
að svara brjefi yðar, velborni herra
sýslumaður, af 8. þ. m. ásamt með-
fylgjandi fylgiskjölum og sendi yðar
hjer með í afriti skoðunar- og virð-
ingargjörð fátækrastjórnar Suðurfjarða-
hrepps yfir fjármuni Sveinbjarnar
Ólafssonar frá í fyrra vetur, er hann
fyrst fjekk fjárstyrk hjer í hreppi;
einnig læt jeg fylgja í eptirriti vott-
orð tveggja lækna um heilsufar þeirra
mæðgna. Í fardögum í vor var
Sveinbjörn með barnsmóður sinni
og dóttur búinn að skulda alls Suð-
urfjarðahreppi Kr. 129,19 + 12,20, er
barnsmóðir hans var búin að fá þá,
en hún bar sig upp með fjár-
styrk, er viðstaddir hennar hjá Svein-
birni var úti. — Það sem Sveinbjörn
hefur eigi afklofið að vinna fyrir

Bd J. S. 22 - 1906

Bæjarfóg. í Rvík.
Dagbók 1906 Nr.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

nefndum meðgjöf í sumar, hefur
hreppurinn lagt honum til, en nú
upp á síðkastið frá því í okt. og hefur
Sveinbjörn sjálfur orðið að vera yfir þeim
alltaf og þurft að fá kvennmanns
ýmist sjer til aðstoðar og hefði að líkindum
alltaf þurft, ef kostur hefði verið á að fá
hann, nema á bili og hefur því lagn-
kostnaður þeirra meðgjafar orðið mikill yfir
þessa 2 mánuði; einnig varð að leggja
Karólínu til í rúm, eftir því, sem þær
urðu veikari, gátu þær eigi legið í
sama rúmi. —

Jeg orðlengi svo eigi frekar um
þetta mál en vona að fátækra-
nefnd Reykjavíkur geti af þessu
sjeð og meðfylgjandi fylgiskjölum
að Sveinbjörn er eigi, sem stendur
fær um að ala önn fyrir þessu
barni sínu. — Fylgiskjölin endur-
sendast hjer með.

Bíldudal 28. nóv. 1906.
Virðingarfyllst.
fyrir [illegible] [illegible]

Til
Sýslumannsins í [illegible]
Patreksfirði.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Eptirrit

## Aðsjón og virðingargjörð á fjármunum Sveinbjarnar Ólafssonar á Litlueyri í Bíldudal.

Þann 15. dag desembermánaðar 1905 var fátækranefnd Suðurfjarðahrepps – samkvæmt beiðni oddvitans – stödd á Litlueyri hjer í hreppi til þess að gjöra aðsjón hjá þurrabúðarmanninum Sveinbirni Ólafssyni, þar eð hann var búinn sama dag að biðja oddvitann um einhverja hjálp sjer til lífsframfæris; athugaði nefndin fyrst hvort nokkur matbjörg væri til en engin tegund af mat eða eldivið fyrirfanst á heimilinu; því næst skrifaði nefndin upp og virti eigur þurfamannsins og voru þær þessar: Beddi 7/oo, 1 teppisforet, 2 forn lök, 1 hálmdýna allt fr. 5 kr. = 7,oo
1 skápur 3/oo, 1 ~~teppi forst~~ olíubrúsi 8/oo = 11,oo
1 rokkur 1/oo, 1 kanna 0/50 — — 1,50
Samtals Kr. 19,50

Það, sem til var af matarílátum —

Bel. J. S. 22 – 1906.

Atl. Bæjarfóg. í Rvík Dagbók 1906 No. 1330.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

svo sem eldhusgögn og fleira
kvaðst Sveinbjörn hafa að láni frá
vinnukonu sinni, sem er bústýra
hans. Íverufatnaður þurfamanns-
ins álítst naumalega til skipta.
Fasteignir kvaðst Sveinbjörn engar
eiga en eptir því, sem hann gaf
upp skuldir, voru þær samtals
kr. 393.—

p. t. Litluvogi d. 15. des. 1905

Í fátækrastjórn Suðurfjarða-
hrepps

Árni Guðmundsson
Pjetur Bjarnason

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## Læknavottorðin.

Eptir tilmælum hreppsnefndarinnar
í Suðurfjarðahreppi hefi jeg í dag skoðað
sjúklingana Vigdísi Bergþórsdóttur
og Karólínu Sveinbjarnardóttur, báðar
til heimilis á Litlueyri, til þess að
láta í ljós álit mitt um, hvort þær
muni vera færar um að flytjast
sjóleiðis til Reykjavíkur með gufu-
skipi, áleiðis til sveitar þeirra og
ennfremur hvort veiki sú er að
þeim gengur sje sóttnæm.

Sjúklingar þessir eru báðir mjög
illa haldnir af berklaveiki í lung-
um og naumast eða alls ekki
flutningsfærar sveitarflutningi
eins og hann gjörist, en með
mikilli varkárni og góðri með-
ferð álít jeg að mætti flytja ~~þær~~
þá til Reykjavíkur og koma þeim
þar á spítala. Veikin er áreið-
anlega sóttnæm og er afar-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

árvðandi að bæði sjúklingarnir og sá er stundar þá, sje mjög varkár með allan uppgang frá sjúklingunum en á því virðist mjer vera talsverður skortur í þessu tilfelli. Sóttvarnarmeðöl hjálpa að sjálfsögðu nokkuð en eru alls ekki einhlít, ef óvarkárni er annarsvegar. Heppilegast væri sjálfsagt að koma sjúklingunum til Reykjavíkur og sótthreinsa vandlega íbúð þeirra hjer á Litlueyri á eptir.

p. t. Litlueyri 28. sept. 1906.
Sigurður Magnússon
hjeraðslæknir.

Til
hreppsnefndarinnar í Suðurfjarðahreppi.

Hjermeð vottast, að Karólína Sveinbjörnsdóttir nú á Litlueyri í Suðurfjarðahreppi, er svo þungt haldin af brjóstveiki og berklaveiki í hálsi að jeg álít ekki, að hún geti orðið flutt til Reykjavíkur um þessar tíma árs án þess, að lífi hennar sje hætta búin af ferðinni.

Bíldudal 21. nóv. 1906
þorb. Þórðarson
læknir.

Athr. Úr þessu vottorði er sleppt úr latn. orðunum á sjúkdóminum. J. Á.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

BÆJARFÓGETINN Í REYKJAVÍK

*Reykjavík* 27. *d.* Október *mán.* 1906.

Til andsvara brjefi yðar, herra sýslumaður, dags. 12. þ. m. um ráðstöfun stúlkunnar Karolínu Sveinbjarnardóttur, leyfi jeg mjer að senda yður hjálagt brjef fátækranefndarinnar hjer, og mælast til að brjefið verði gert kunnugt hreppsnefndinni í Suðurfjarðarhreppi.

/.

Halldór Daníelsson

Til

Sýslumannsins í Barðastrandarsýslu.

Bef. 7. Sept. -1906

Tekið Bæjarfóg. í Rvík. Dagbók 1906 No. 1330.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

(ómaginn Eydís Egilsdóttir — Ölfushreppur)

5/12.'08. Fátækranefndin hefur meðtekið bréf yðar, dags. 10. f. mán., snertandi ómaga Ölfushrepps, gamalmennið Eydísi Egilsdóttur, nú til heimilis Njálsg. 33 B hjer í bæ. —

Niðurstaða bréfs yðar er sú, að þjer neitið að endurgreiða fátækrasjóði bæjarins styrk þann eða meðlag, sem greitt hefur verið úr bæjarsjóði með nefndum ómaga, en krefjist jafnframt að Reykjavíkurbær annist umflutning ómagans austur á Ölfushrepp. Hvorttveggja er jafnfráleitt. Að vísu þekkið þjer vel ómagann, en ekki að síður sendi jeg yður til sannindamerkis um ástand hans og heilsufar:

1. Vottorð landlæknis Guðm. Björnsson, dags. 14. ~~[illegible]~~ febr. þ. á., eða löngu áður en fátækranefndin hjer hafði nokkur afskifti af ómaganum;

Verte.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

2. Vottorð Þórðar læknis Thoroddsen, dags. 3. þ. m. Hann hefur stundað Egidíu; er hún lasburða 2. júní þ. á. og síðan, og er henni persónulega nákunnugur;

3. Vottorð 3gja fátækrafulltrúa Reykjavíkurbæjar, Samúels Ólafssonar, Árna Einarssonar og Árna Jónssonar (en þeir eru skipaðir af bæjarstjórninni), dags. 5. þ. m., um ástand ómagans nú.

Þessi vottorð sanna það nægilega, að ómaginn er eigi flutningsfær á sveit sína, og hefur eigi verið síðan 14. febr. síðastliðinn.-

Fátækranefndin hefur greitt Jóni Ólafssyni, sem hefur Egidíu til framfærslu, meðlagsfje með henni þannig:

| | |
|---|---|
| frá 6. marz til 6. ~~apríl~~ júní þ. á. meðlag miðað við 80 kr. ársmeðlag, en það (þ. e. hér innifalið) hefur greitt Jóni | Kr. 20,- |
| með henni áður . . . . . | 15,- |
| meðlag frá 6. júní til 6. sept. . . . . . | |
| Fyrir læknishjálp, meðöl og umbúðir (eftir reikn.) - 23.97 | 88,97 |
| Ennfremur meðlag frá 6. sept. til 6. nóvbr. . . . | 30,- |
| | ✓ 118,97 |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Meðlagið fram til júnímánaðar var greitt með þeirri upphæð, sem þér áður hafðuð sjálfir ákveðið með samningi við Jón Ólafsson; meðlagið eptir júnímánaðar byrjun (eptir 6. júní) hefur verið ákveðið 15 Kr. um mánuðinn, með því að þá urðu miklu meiri þyngsli af ómaganum, en áður hafði verið. Jeg skal bæta því við, að meðlagið þessi næstl. mán. er enn greitt, og jafnframt geta þess, að meðlagið mun enn verða hækkað að miklum mun, líklega frá 1. eða 6. þ. m. Má búast við að meðlagið fari upp í 1 kr. (eina krónu) um daginn eða þar yfir.

Jeg leyfi mjer nú að skora á yður að greiða tafarlaust yðar hluta (2/3) af framantaldri upphæð 118 Kr. 97 aur., svo að vjer þurfum eigi að fara að rekast með þ. kröfuna innheimtuveginn. Ef allt lendir í þvergirðingi, og það leiðir til þess, að Jón Ólafsson segi ómaganum af höndum sjer, sem honum er innanhandar, — hann er efna-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

laus-verkamaður — þá verða þessum ómaga eigi Kennt því þeir meina meðlag en 2kr. um dag-inn auk borgunar þeir ~~fyr~~ sjúkrahúss hjúkrun og læknishjálp. —

Laugarn. Rvk., 5. desbr., 1908

Til/

Hreppsnefndar Álftaneshrepps. —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Með bréfi dags. 21. sept. þ.á. hafið þjer, háttvirti herra, fyrir hönd fátækranefndarinnar í Reykjavík, krafið hreppsnefnd Ölfushrepps um endurgreiðslu á framfærslustyrk, svo og legu-kostnaði og læknishjálp, sem alt hefir veitt verið ómaganum Egidíu Eyjólfsdóttur, er nú dvelur hjá tengdasyni sínum Jóni Ólafssyni í Reykjavík.

Að vísu kannast hreppsnefndin við það, að ómagi þessi eigi hjer framfærslusveit og hefir enda greitt meðlag með henni til Jóns Ólafssonar, en hinsvegar hefir nefndin skörulega krafist þess, að hinn umræddi ómagi væri fluttur hingað á sína sveit. Það er nú að vísu margítrekað í fyrnefndu bréfi yðar, að ómagi þessi sé alls eigi flutningsfær, en þá ályktun yðar leyfir hreppsnefndin sér að vefengja. – Bréf yðar ber það alls ekki með sér, að læknisálits hafi um þetta leitað verið, og þó svo hefði verið, þá hefir nefndin nokkra ástæðu til að véfengja slíkt vottorð, svo sem hjer skal sýnt verða.

Fyrir nokkrum árum, þegar áðurnefndur Jón Ólafsson bjó suður á Vatnsleysuströnd og hafði þá eins og nú þennan ómaga hjá sér, þá krafði hann framfærsluhreppinn um meðlag með honum. Voru þá sendir 2 menn hjeðan gagngjört suður á

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ströndu til þess að flytja ómagann hingað í hreppinn. Útvegaði Jón Ólafsson þá vottorð hjá þáverandi héraðslækni um, að ómaginn væri ekki flutningsfær; en nokkru síðar flytur Jón hana sjálfur með sér ríðandi inn í Reykjavík. Þetta sýnir ljóslega hversu óyggjandi slík læknisvottorð eru eða hitt þó heldur, enda er það alkunnugt, að jafnvel dauðvona sjúklingar eru fluttir ofan úr sveitinni eftir ráðstöfun lækna, á spítala til Reykjavíkur.

En það, að hreppsnefndin hér hefir krafist og mun framvegis krefjast, að hér umræddur ómagi, Eydís Eyjólfsdóttir, verði flutt hingað, byggist að öðru leyti á því, að hún á hér í hreppi sennilega efnaðan framfærslumann, bóndann Eyjólf Gíslason á Þúfu, er hefir játast sig fúsan til að taka þessa móður sína og sjá fyrir henni hreppnum að kostnaðarlausu, ef hún aðeins er flutt til hans, en neitar hinsvegar að gefa með henni til Jóns mágs síns. Það virðist því nokkuð hart, að halda þannig ómögum fyrir öðrum hreppi, sem þeir geta framfleytt sér að kostnaðarlausu, og heimta með þeim hátt meðlag, og engin von, að nokkur hreppsnefnd þoli slíkt þegjandi!

Þessu samkvæmt leyfir hreppsnefndin sér að skorast undan, að greiða þennan framfærslustyrk Eydísar, en krefst þess, að dvalarsveitin — Reykjavíkurbær — annist um flutning oft-

ósatt!

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

nefndi ómaga hingað austur, og mætti þá ætla að Jón Ólafsson, sem næsti aðstandandi ~~frá~~ Eydíarar, greiddi bæjarsjóði Reykjavíkur hina áföllnu skuld, eða einn hluta af framfærsluskyldunni, en slyppi að öðru leyti við, að sjá fyrir henni framvegis.

Í umboði hreppsnefndar Ölfushrepps:
Egilsstöðum 10. nóv. 1908
St. Steindórsson

Til
fátækranefndar Reykjavíkur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fundur 12/3. 1908
do 25/6 — ,
Send til sveitar 4/6. 08
meðlag heimtað 180 kr.

Til hreppsnefndarinnar í Ölfushreppi.
—Ic—

á Njálsgötu 33 B

Hér í bænum er gamalmennið Eydís Eyjólfsdóttir, 81 árs að aldri, blind og örvasa; í vor lærbrotnaði hún, en hefir þó furðanlega læknast, að því er það áfall snertir. Hún er ~~líklega~~ með öllu óflutningsfær. Gamalmenni þetta hefir verið til framfærslu hjá tengdasyni sínum Jóni Ólafssyni, sem er efnalaus maður; hann hefir fyrirfarandi ár fengið styrk nokkurn með henni; eptir því sem hann hefir frá skýrt, úr ~~af~~ hreppi yðar Ölfushreppi; þar sem Eydís er sveitlæg, en nú kveðst hann um tíma engan styrk hafa fengið frá ~~[illegible]~~ yður [. Hann hefir snúið sér til fátækranefndarinnar hér, sagt Eydísi til sveitar og beiðst styrks með henni; hefir nefndin látið rannsaka kringumstæður Eydísar, og komist að þeirri niðurstöðu, að eigi hafi verið tiltök að flytja hana á sveit hennar, en á hinn bóginn sé eigi unnt að veita

[þótt beðið hafi.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Jóni Hafssyni um framfærslustyrk með henni: Samkvæmt þessu hefur nefndin látið greiða Jóni Hafssyni upp í framfærslukostnað Eydísar frá ~~6/3. til~~ 6. maí ~~þ.á.~~ til 6. Sept. þ.á. . Kr 65,00.
og fyrir læknishjálp, meðöl og umbúðir - 23,97
Samtals - Kr. 88,97

Framfærslukostnaður Eydísar er miðaður við ársmeðgjöf 180 kr., eptir í júní þ.á., en fyrir minni meðgjöf kvaðst Jón eigi vilja halda hana. Og eigi kemur til mála, að henni verði annarsstaðar hér í bæ komið fyrir ~~fyrir~~ ~~so~~ gegn lægri meðgjöf.

Fyrir hönd fátækranefndarinnar ~~skora~~ skora ég nú á yður, að endurgreiða hingað ~~[illegible]~~ ofan~~tilgreinda~~ upphæð [að 2/3 hlutum — eða 59 kr. 31 ey.], svo og eptirleiðis greiða allan framfærslukostnað Kara-barns þessa. -

Yður hlýtur að vera um hana kunnugt, þar sem þér fyrirfarandi hafið greitt hingað meðlag með honum. -

Fátækranefnd Reykjavíkur, 20. Sept., 1908.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Eydísi er munnlega sögð til sveitar 4/6. '08 aftur og meðlagi neitað. —
Tekin sögð til sveitar með þessu bréfi 6. marz 1908.

Reykjavík
6 mart 1908

Sem undanfarin ár hefir barnsmóðir mín Eydís Eyjólfsdóttir dvalið á heimili mínu gegn 80 kr. meðlagi frá framfærsluhreppi hennar Ölveshreppi um árið. En með því að nefndur hreppur hefir neitað að greiða meðlag þetta fyrir yfirstandandi fardagaár og Eydís hinsvegar ekki sveitfesti? — eins og meðfylgjandi vottorð frá landlækninum sýnir, sé ég mig knúðan til að leita til hinnar háttvirtu fátækranefndar Reykjavíkur og beiðast þess að hún vilji hið allra fyrsta annast um framfærslu Eydísar gegn endur-

(180 kr.)

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

gjalds frá framfærsluhreppnum
lögum samkvæmt.

Virðingarfyllst.

Jón Ólafsson
Njálsg. 33 B

Til
Fátækranefndar Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur